


1.4 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur



Rekstur USK (m.kr.)	Raun 2025	Áætlun 2025	Frávik	%
Tekjur	41	93	-52	-55,5%
Laun og launat. gj.	223	185	38	20,4%
Annar rekstrark.	24	18	5	29,3%
Nettó útgjöld	205	111	95	85,8%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur janúar – júní 2025 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld eftirlitsins voru 205 m.kr. eða 95 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins eða um 85,8%.

Tekjur voru 41 m.kr. sem var 52 m.kr. undir áætlun tímabilsins eða um 55,5%. Tekjur **matvælaeftirlits** voru 24 m.kr. undir áætlun og tekjur **umhverfiseftirlits** voru 29 m.kr. undir áætlun tímabilsins. Ekki hafa enn verið sendir út reikningar vegna reglubundins eftirlits.

Laun og launatengd gjöld námu 223 m.kr. sem var 38 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins eða um 20,4%. Launakostnaður **matvælaeftirlits** var 10 m.kr. umfram fjárheimildir og **umhverfiseftirlitið** var 23 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins.

Annar rekstrarkostnaður nam 24 m.kr. sem var 5 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins eða 29,3%.

Málaflokkar USK (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2025	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2025	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2025	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2025	Frávik	%
Skrifstofa heilbrigðiseftirlits	0	0	0	19	18	1	0	2	-2	19	20	-2	-7,9%
Matvælaeftirlit	24	48	-24	83	72	10	17	9	8	76	34	42	124,6%
Umvhverfiseftirlit	16	45	-29	102	79	23	3	3	0	89	36	53	144,2%
Vöktun	2	0	2	19	16	4	4	5	0	22	20	2	8,6%
Samtals	41	93	-52	223	185	38	24	18	5	205	111	95	85,8%